



20. ágúst 2026

Stöðuskrýsla 2

Virðismatsvegferð KÍ



Inngangur

Hér er lögð fram önnur stöðuskýrsla fyrir faglega stjórn verkefnis um þróun virðismatskerfis fyrir störf félagsfólks Kennarasambands Íslands. Skýrslan nær yfir framgang verkefnisins frá nóvember 2025 og til og með júlí 2026.

Unnið er eftir [samþykkttri verkefnaáætlun](#) og er starfagreiningarhluta verkefnisins nú að ljúka. Markmið þessa hluta verkefnisins var að afla gagna um valin starfsheiti, vinna úr þeim og móta starfaprófíla sem síðar verða lagðir til grundvallar við þróun virðismatskerfisins og mat starfa. Áhersla undanfarinna mánaða hefur því verið á þróun og fyrirlögn spurningalista, öflun þátttakenda til að svara spurningalista, úrvinnslu gagna, vinnu við starfaprófíla og undirbúning rýnihópa. Næstu skref felast í að ljúka starfagreiningum og hefja þróun virðismatskerfis sem er ætlað að ná utan um inntak starfa félagsfólks KÍ. Yfirlit yfir stöðu verkþátta verkefnaáætlunar má sjá á bls. 9.

Fagleg stjórn

Á tímabilinu frá nóvember 2025 til júlí 2026 fundaði fagleg stjórn alls tólf sinnum. Á fundunum var meðal annars fjallað um þróun og fyrirlögn spurningalista, úrtaksmál, samskipti við þátttakendur, aðferðafræði gagnaöflunar, undirbúning rýnihópa, úrvinnslu gagna og gerð starfaprófíla. Fundirnir gegndu lykilhlutverki við að móta framgang starfagreiningarhluta verkefnisins.

Á tímabilinu voru eftirfarandi mannbreytingar á skipan faglegrar stjórnar. Í janúar fór Kolbeinn Guðmundsson, varafulltrúi Reykjavíkurborgar, í fæðingarorlof og tók Íris Jóhannsdóttir þá við sæti hans. Í mars urðu breytingar á fulltrúa mennta- og barnamálaráðuneytisins þegar Hafþór Einarsson lét af störfum í stjórninni og Nanna Kristjana Traustadóttir tók við sem aðalfulltrúi. Jafnframt var Björk Óttarsdóttir skipuð varafulltrúi og deilir varafulltrúasæti með Helgu Kristínu Kolbeins.

Spurningalisti

Á tímabilinu voru unnin drög að ítarlegum spurningalista sem ætlað var að safna upplýsingum um inntak valinna starfsheita. Spurningalistinn byggir á yfirlitunum þekkingu og færni, ábyrgð, álagi og vinnuumhverfi og tekur mið af þeim þáttum sem almennt eru lagðir til grundvallar við virðismat starfa. Markmið spurningalistans er að safna upplýsingum um inntak og þætti sem einkenna störfin og verða niðurstöðurnar nýttar við gerð starfaprófíla og síðar við þróun virðismatskerfisins.

Jafnlaunastofa vann að þróun spurningalistans í samstarfi við faglega stjórn. Við vinnuna var meðal annars stuðst við spurningalista sem fylgja öðrum virðismatskerfum, leiðbeiningar

Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um virðismat starfa í þágu launajafnréttis og önnur virðismatskerfi, þar á meðal nýsjálenska virðismatskerfið Te Orowaru. Einnig voru starfslýsingar og hæfniramma með viðmiðum fyrir hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla höfð til hliðsjónar og þess gætt að spurningalistinn tæki mið af þeim kröfum sem þar koma fram. Þá var farið í hópavinnu með faglegri stjórn þar sem leitast var við að greina helstu þætti í störfum kennara sem mikilvægt væri að virðismatskerfið næði utan um.

Drög að spurningalistanum voru yfirfarin og prófuð af fulltrúum faglegrar stjórnar, starfsfólki Jafnlaunastofu og sérfræðingi við sFélagsvísindasviði Háskóla Íslands. Fagleg stjórn fór yfir og prófaði spurningalistann á vinnufundi stjórnarinnar þann 3. desember 2025. Að loknum frekari lagfæringum og yfirferð var spurningalistinn samþykktur á fundi faglegrar stjórnar þann 4. febrúar 2026.

Spurningalistinn var forprófaður, lagfærður í kjölfar athugasemda og að lokum lagður fyrir valda þátttakendur í starfsheitunum leikskólakennari, grunnskólakennari, umsjónarkennari, framhaldsskólakennari og tónlistarskólakennari III og síðar einnig fyrir deildarstjóra á leikskólum, aðstoðarskólameistara í framhaldsskólum og skólastjóra í leik-, grunn- og tónlistarskólum.


Í fyrstu fyrirlögn var spurningalistinn lagður fyrir 130 einstaklinga og í framhaldi fyrir 138 einstaklinga. Spurningalistinn var eingöngu á íslensku en gert er ráð fyrir að hann verði þýddur á ensku og þróaður áfram á síðari stigum verkefnisins. Spurningalistinn er hugsaður sem lifandi mælitæki sem verður þróað áfram samhliða verkefninu. Til lengri tíma er stefnt að því að hann verði eitt af þeim verkfærum sem styðja við greiningu starfa út frá nýju virðismatskerfii

Úrtak og fyrirlögn

Unnið var að öflun þátttakenda til að svara spurningalista með bæði tilgangsurtaki og slembiúrtaki. Aðildarfélög KÍ lögðu fram tilnefningar í tilgangsurtak á meðan launagreiðendur afhentu gögn sem nýtt voru til slembivala. Gengið var úr skugga um að slembiúrtakið endurspeglði þýðið nokkuð vel.

Jafnlaunastofa útbjó samskiptaáætlun og kynningarefni fyrir þátttakendur og var falið að vera í samskiptum við þátttakendur og annast fyrirlögn spurningalistans. Þau sem völdust í úrtak fengu kynningarbréf með upplýsingum um verkefnið og hvað fælist í þátttöku. Þá var þátttakendum boðið á kynningarfund á Teams auk þess sem þeim sem ekki gátu setið fundinn var boðið að fá upptöku senda í tölvupósti.

Spurningalistinn var sendur út í nokkrum áföngum eftir því hvernig öflun þátttakenda gekk fyrir sig, fyrsti hópur fékk spurningalistann sendan 24. febrúar og sá síðasti 5. júní. Spurningalistinn var sendur á 268 þátttakendur og alls svöruðu 196 þátttakendur úr tíu starfsheitum spurningalistanum sem gefur 73% svarhlutfall, á mynd 1 má sjá svarhlutfall eftir starfsheitum.




Mynd 1. Svarhlutfall eftir starfsheimum (staða tekin 29.06.2026).

Úrvinnsla gagna

Við öflun upplýsinga um valin starfsheiti hefur verið stuðst við blandaða aðferðafræði þar sem samþættar eru bæði meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir. Markmið þeirrar nálgunar er að fá sem heildstæðasta mynd af inntaki starfa og draga fram bæði þá þætti sem auðvelt er að mæla með stöðluðum hætti og þá þætti sem erfitt getur verið að fanga með hefðbundnum mælingum einum saman.

Greiningarvinna verkefnisins byggir á aðleiðslu, þar sem niðurstöður eru túlkaðar í ljósi bæði fyrirliggjandi þekkingar og þeirra upplýsinga sem safnast hafa um störf. Með þeirri nálgun er leitast við að þróa skilning á þeim þáttum sem skapa virði í störfum kennara og tryggja að virðismatskerfið endurspegli raunverulegt inntak þeirra.

Gagnaöflunin byggir á þrjúþættri nálgun þar sem stuðst er við fyrirliggjandi gögn um störf (eins og starfslýsingar, aðalnámskrá og hæfniramma), svör við spurningalista og upplýsingum úr rýnihópum með kennurum og stjórnendum, sjá mynd 2.



Mynd 2. Þríþætt gagnaöflun verkefnisins.

Með því að bera saman upplýsingar úr ólíkum gagnaöflunaraðferðum er unnið að því að ná fram gagnasettun, það er að sömu eða sambærileg þemu og niðurstöður komi fram í ólíkum gögnum og styrki þannig áreiðanleika niðurstaðnanna.

Spurningalistinn sem þróaður hefur verið fyrir verkefnið er umfangsmikið gagnasöfnunartæki sem nær yfir alla meginþætti virðismatskerfa. Hann samanstendur af 18 undirþáttum sem falla undir yfirþættina þekkingu og færni, ábyrgð, álag og vinnuumhverfi, 107 lokuðum spurningum, 38 opnum spurningum þar sem þátttakendum gefst kostur á að lýsa starfi sínu með eigin orðum auk 17 bakgrunnsspurninga sem nýtast við greiningu og túlkun niðurstaðna. Yfirlit yfir alla þætti spurningalistans má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Yfir- og undirþættir spurningalistans.

Yfirþættir	Undirþættir
Þekking og færni	Þekking og reynsla
	Hugræn færni
	Verklegr færni
	Samskiptafærni
	Skipulagsfærni
	Stafræn færni
Ábyrgð	Ábyrgð á velferð fólks og samfélags
	Ábyrgð á stjórnun og stefnumótun
	Ábyrgð á upplýsingum og trúnaði
	Ábyrgð á fjármunum, eignum og búnaði
	Ábyrgð á jafnrétti og inngildingu
Álag	Hugrænt álag
	Tilfinningalegt álag
	Líkamlegt álag
	Frumkvæði og sjálfstæði
Vinnuumhverfi	Skipulagslegt vinnuumhverfi
	Efnislegt vinnuumhverfi
	Sálfélagslegt vinnuumhverfi

Samsetning spurningalistans gerir kleift að afla bæði staðlaðra upplýsinga og ítarlegra lýsinga með dæmum á tilteknum þáttum starfanna. Jafnlaunastofa vann úr niðurstöðum spurningalista m.a. með lýsandi tölfræði og flokkun og inntaksgreiningu opinna svara. Við úrvinnslu gagna mátti greina gott samræmi milli niðurstaðna úr opnum og lokuðum spurningum þar sem opnu svörin studdu við tölulegu niðurstöðurnar með frásögnum og dæmum um birtingarmyndir úr daglegu starfi. Með þessu skapast traustur grunnur fyrir gerð starfaprófíla og áframhaldandi þróun virðismatskerfisins.

Niðurstöðurnar voru nýttar við gerð fyrstu draga að starfaprófílum og verða jafnframt nýttar við þróun virðismatskerfisins og mat starfa síðar í verkefninu. Jafnlaunastofa vinnur einnig að greiningu upplýsinga úr fyrirliggjandi gögnum (sbr. þríþætt gagnaöflun) og mun skoða hvort samræmi sé milli niðurstaðna úr mismunandi gagnaöflunaraðferðum.

Starfaprófílar

Markmið starfaprófilavinnunnar er að skilgreina með skipulögðum hætti hvað felst í hverju starfi og tryggja að starfaprófílar veiti trausta og áreiðanlega sýn á inntak starfanna. Vorið 2026 voru unnin fyrstu drög að starfaprófílum fyrir eftirfarandi starfsheiti, út frá niðurstöðum spurningalista:

- leikskólakennari
- grunnskólakennari
- umsjónarkennari
- framhaldsskólakennari

Vinnuhópar

Á fundi faglegrar stjórnar þann 1. október 2025 var samþykkt verklag um úrvinnslu fyrstu gagnaöflunar og gerð starfaprófíla. Markmið vinnunnar var að tryggja að niðurstöður úr spurningalistum, fyrirliggjandi gögnum og síðar rýnihópum yrðu túlkaðar með faglegum og samræmdum hætti áður en starfaprófílar yrðu fullmótaðir.

Samþykkt var að stofna sérstaka vinnuhópa fyrir hvert viðmiðunarstarf. Hver vinnuhópur skyldi skipaður sex fulltrúum, þremur tilnefndum af launagreiðendum og þremur af viðeigandi aðildarfélögum Kennarasambands Íslands. Lögð var áhersla á að í hópunum sætu einstaklingar sem hefðu góða þekkingu á viðkomandi störfum og því starfsumhverfi sem þau eru unnin í. Fagleg stjórn hafði umsjón með tilnefningum í vinnuhópana.

Vinnuhópunum var ætlað að fara yfir drög að starfaprófílum út frá niðurstöðum spurningalista. Hlutverk vinnuhópanna var að ræða og rýna niðurstöður spurningalista og fyrstu drög að starfaprófíl fyrir viðkomandi starfsheiti m.a. í því skyni að ganga úr skugga um að prófíllinn endurspegli starfið með raunsönnum hætti og koma auga á ef eitthvað þarfnast nánari skoðunar. Jafnlaunastofa hafði umsjón með undirbúningi og framkvæmd vinnustofanna og sá um að halda

utan um umræðurnar og skrá niðurstöður. Með þessu verklagi var leitast við að tryggja aðkomu hagaðila að starfagreiningunni og skapa traustan grundvöll fyrir áframhaldandi þróun starfaprófíla.

Drög að starfaprófílum fyrir næstu starfsheiti verða unnin í júlí og ágúst 2026 og vinnuhópafundir eru áætlaðir í ágúst 2026 til að rýna fyrstu drög.

Hvað er starfaprófíll?

Starfaprófíll sameinar allar upplýsingar um starfið, byggt á gagnaöflun, á einum stað.

Starfaprófíll inniheldur:

1. Upplýsingar um starfið eins og starfsheiti
2. Stuttu samantekt á megintilgangi starfsins
3. Samantekt á kröfum og inntaki starfs eftir yfirbáttunum fjórum

Rýnihópar

Minnisblað Jafnlaunastofu um rýnihópa var lagt fram á fundi faglegrar stjórnar 9. apríl, en þar var fjallað um tilgang og aðferðafræði rýnihópa og varpað ljósi á þætti sem fagleg stjórn þyrfti að taka til umræðu og ákveða endanlegt fyrirkomulag rýnihópa.

Á fundi faglegrar stjórnar þann 29. apríl 2026 voru teknar ákvarðanir um fyrirkomulag rýnihópa sem mynda einn af þremur þáttum gagnaöflunarinnar í starfagreiningarhluta verkefnisins. Markmið rýnihópanna er að fá fram dýpri skilning á inntaki starfanna, staðfesta og skýra niðurstöður spurningalistans og tryggja að starfaprófílar endurspegli sem best raunverulegt inntak starfa.

Samþykkt var að í fyrstu umferð yrði haldinn einn rýnihópur fyrir hvert starfsheiti. Hver rýnihópur verði skipaður átta til níu þátttakendum, þar af sex einstaklingum sem starfa í viðkomandi starfsheiti og tveimur til þremur stjórnendum úr viðkomandi skólagerð. Heimilt er að einn fulltrúi komi úr stjórnarsýslu að því gefnu að viðkomandi búi yfir góðri þekkingu á inntaki starfsins.

Ákveðið var að velja þátttakendur úr hópi starfsfólks með slembivali úr hópi sjálfboðaliða sem skráðu áhuga sinn á þátttöku á þar til gert rafrænt eyðublað. Við valið var leitast við að tryggja fjölbreytileika meðal þátttakenda, meðal annars með tilliti til aldurs og landshluta. Þeim þátttakendum sem áður tóku þátt í spurningalistakönnuninni var og verður einnig boðið að taka þátt í rýnihópum, þó þannig að fjöldi þeirra verði að hámarki tveir í hverjum hópi.

Samþykkt var að fulltrúar stjórnenda yrðu tilnefndir af faglegri stjórn og að val þeirra afmarkaðist við skólastjóra úr viðkomandi skólagerð. Jafnframt var ákveðið að einstaklingar sem sitja í samninganefndum vtækju ekki þátt í rýnihópunum til að tryggja hlutleysi gagnasöfnunarinnar.

Jafnlaunastofa hafði umsjón með framkvæmd rýnihópanna, þar á meðal á vali þátttakenda úr hópi sjálfboðaliða, samskiptum við þátttakendur, undirbúningi gagna og þjálfun umræðustjóra. Einnig var Jafnlaunastofu falið að útbúa kynningarefni og upplýsingapóst um rýnihópana sem dreift var meðal annars í gegnum fréttabréf aðildarfélaga KÍ og vefsíðu verkefnisins.

Rýnihópar fyrir starfsheitin leikskóla- og grunnskólakennari fóru fram í júní 2026 og í ágúst verða haldnir rýnihópar fyrir starfsheitin umsjónarkennari og framhaldsskólakennari. Jafnlaunastofa vinnur að úrvinnslu rýnihópanna m.a. með afritun viðtala þar sem persónuupplýsingar eru afmáðar og þátttakendum gefin dulnefni, ásamt kóðun og þemagreiningu.

Fræðsla og kynningar

Jafnlaunastofa kynnti virðismatsvinnuna fyrir hagaðilum eftir því sem óskað var eftir á tímabilinu, alls sjö sinnum, sjá töflu 2.

Tafla 2. Kynningar Jafnlaunastofu á virðismatsvegferðinni fyrir hagaðila verkefnisins.

Dagsetning	Kynning
10. nóvember 2025	Ársfundur félags grunnskólakennara
18. nóvember 2025	Fundur samninganefndar félags framhaldsskólakennara
5. desember 2025	Sameiginlegur fundur stjórna og skólamálanefnda félags leikskólakennara og félags stjórnenda í leikskólum
18. desember 2025	Fundur samninganefndar félags leikskólakennara
19. mars 2026	Aðalfundur félags framhaldsskólakennara á Selfossi
8. apríl 2026	Fundur með skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
27. maí 2026	Aðalfundur félags leikskólakennara

Jafnlaunastofa tók einnig þátt í vinnulotu KÍ og SOL 24.-25. febrúar, með stuttum kynningum og verkefnavinnu ásamt því að boðið var upp á hálf dags fræðslu um jafnrétti, fjölbreytileika og ómeðvitaða hlutdrægni sem Sóley Tómasdóttir hjá Just Consulting sá um.

Fræðsla fyrir nýja meðlimi faglegrar stjórnar fór fram 14. apríl 2026 en þar var farið yfir hvað felst í virðismatsvegferðinni og ýmsa þætti sem varða þróun og notkun virðismatskerfa í þágu launajafnréttis.

[Vefsíða verkefnisins](#) hefur verið nýtt sem miðlæg upplýsingagátt þar sem birtar eru fréttir, fræðsluefni, verkefnaáætlanir og stöðuskýrslur um framgang verkefnisins. Í júní 2026 voru birt ný

[fræðslumyndbönd Jafnlaunastofu](#) um virðismat starfa. Myndböndin eru hugsuð sem grunnfræðsla um tilgang virðismatskerfa í þágu launajafnréttis.

Næstu skref

Verkefnið hefur á tímabilinu þróast frá undirbúningi yfir í ítarlega gagnaöflun og greiningu. Spurningalistakönnun hefur verið lögð fyrir, úrvinnsla hennar er langt komin og fyrstu drög að starfaprófilum hafa verið þróuð í samstarfi við vinnuhópa sem skipaðir voru fulltrúum hagaðila. Rýnihópar eru nú í gangi og munu gegna lykilhlutverki við að staðfesta og dýpka þær niðurstöður sem þegar liggja fyrir.

Næstu skref eru að hefja næsta verkefnahluta, þróun virðismatskerfis sem ætlað er að stuðla að faglegu mati starfa félagsfólks KÍ og styðja við markmið um launajafnrétti.

Á næstunni verður, í samræmi við samþykktu verkefnaáætlun, lögð áhersla á:

1. Framkvæmd og úrvinnsla rýnihópa
2. Áframhaldandi vinnu við starfaprófíla
3. Þróun virðismatskerfis

Yfirlit yfir stöðu verkþátta

Verkhuti / verkþáttur	Staða	Framvinna
Undirbúningur (apríl – október 2025)		
Skipun faglegrar stjórnar	● Lokið	Fulltrúar KÍ og opinberra launagreiðenda hafa verið skipaðir í faglega stjórn verkefnisins.
Skilgreining og afmörkun verkefnisins	● Lokið	Verkefnaáætlun og starfsreglur faglegrar stjórnar hafa verið útbúnar og samþykktar.
Fræðsla og þjálfun	● Lokið	Fræðsla um virðismat í þágu launajafnréttis hefur farið fram fyrir starfsfólk jafnlaunastofu og faglegar stjórnir virðismatsverkefna og aðra hagaðila.
Kortlagning virðismatskerfa	● Lokið	Ólík virðismatskerfi sem hönnuð eru með launajafnrétti að leiðarljósi hafa verið rýnd og borin saman.
Gerð fræðsluefnis	● Viðvarandi	Fræðsluefni er unnið og uppfært eftir þörfum til miðlunar til hagaðila.
Mótun og samþykkt gagnaöflunaraðferðar	● Lokið	Aðferð við gagnaöflun fyrir gerð starfaprófíla hefur verið mótuð og samþykkt, gagna er aflað m.a. með spurningalista, rýnihópum og fyrirbyggjandi gögnum.
Starfagreiningar (október 2025 – apríl 2026)		
Val viðmiðunarstarfa	● Lokið	Fagleg stjórn hefur forgangsraðað og valið fyrstu starfsheiti sem aflað er gagna um og gerðir starfaprófílar fyrir.
Spurningalisti, gagnaöflun og úrvinnsla	● Vel á veg komið	Spurningalisti hefur verið þróaður, prófaður og lagður fyrir úrtak. Úrvinnsla gagna er langt komin. Rýnihópar hafa verið haldnir fyrir þrjú af tíu starfsheita og rýnihópar næstu starfsheita eru áætlaðir í ágúst og september.
Gerð starfaprófíla	● Vel á veg komið	Drög að starfaprófílum hafa verið unnir fyrir valin starfsheiti. Unnið er áfram með starfaprófíla í vinnuhópum þar sem þeir eru rýndir og yfirfarnir.
Þróun kerfis (apríl – september 2026)		
Þróun og útfærsla kerfis	● Í vinnslu	Undirbúningur hafinn. Unnið er að útfærslu kerfisins, vali og skilgreiningu matsþátta, undirþátta og þrepa virðismatskerfisins.
Efnisleg uppbygging	● Í vinnslu	Undirbúningur hafinn. Unnið er að efnislegri uppbyggingu kerfisins, þar á meðal skilgreiningum þátta, þrepa og hjálpartexta.
Rýning kerfis	● Ekki hafið	Rýning kerfis út frá inngildingar- og fjölbreytileikasjónarmiðum verður gerð samhliða áframhaldandi þróun kerfisins.
Skipun matsnefndar	● Ekki hafið	Matsnefnd hefur ekki verið skipuð.
Mat starfa (ágúst – október 2026 – á eftir áætlun)		
Prófun og þróun kerfis	● Ekki hafið	Prófun kerfis með mati á völdum viðmiðunarstörfum/starfaprófílum hefur ekki hafist.
Mat viðmiðunarstarfa	● Ekki hafið	Formlegt mat viðmiðunarstarfa/starfaprófíla hefur ekki hafist.
Rýning viðmiðunarstarfa	● Ekki hafið	Rýning viðmiðunarstarfa/starfaprófíla út frá inngildingar- og fjölbreytileikasjónarmiðum hefur ekki hafist.
Kynning bráðabirgðaniðurstaðna	● Ekki hafið	Kynning bráðabirgðaniðurstaðna fyrir faglega stjórn, hagaðila og stýrihóp hefur ekki hafist.

